

Mánudaginn 23. júlí 1990.

Nr. 4/1990. **Félag íslenskra náttúrufræðinga**

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.).

Kjarasamningur. Náttúrufræðingar.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Sigurður Reynir Pétursson, Ingibjörg Benediktsdóttir, Ragnar Halldór Hall og Þorsteinn A. Jónsson.

Málið, sem tekið var til dóms 17. þ.m., er höfðað með stefnu birtri 5. júlí 1990.

Stefnandi er Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN), Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að stefnda sé frá 1. júlí 1990 skylt að hækka laun félagsmanna stefnanda, sem starfa hjá stefnda og taka laun samkvæmt kjarasamningi aðila frá 18. maí 1989, um 1 ½ launaflokk, en það jafngildir 4,5% hækkun.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt mati Félagsdóms og að við ákvörðun á fjárhæð málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt á málflutningsþóknun lögmanns síns. Þess er krafist, að dæmt verði, að málskostnaður skuli bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá og með 15. degi frá dómsuppsögu og til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Aðallega, að máli þessu verði vísað frá Félagsdómi.

Til vara er þess krafist, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Til þrautavara, að stefndi verði sýknaður að svo stöddu af kröfum stefnanda.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

I.

Stefnandi kveðst vera eitt af aðildarfélögum Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna (BHMR) og hafa átt ásamt flestum öðrum aðildarfélögum BHMR aðild að kjarasamningi við stefnda, sem undirritaður var þann 18. maí 1989. Samkvæmt upphafsákvæði þess kjarasamnings framlengdi hann með ýmsum viðaukum og breytingum kjarasamning aðila, sem gilti frá 1. febrúar 1986 til 31. desember 1988, en efnisatriði hans giltu, þar til félagsmenn í stefnanda hófu verkfall þann 6. apríl 1989. Stefnandi kveður nú vera risinn ágreining um skilning á kjarasamningnum frá 18. maí 1989 og eigi Félagsdómur úrskurðarvald um þann ágreining samkvæmt 3. tl. 26. gr. 1. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, enda hafa aðilar ekki ráðstafað sakarefninu til annars úrlausnaradila. Stefnandi kveðst reka mál þetta samkvæmt heimild í 4. mgr. 27. gr. síðastnefndra laga, en ekki heildarsamtök háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna.

Málavextir:

Stefnandi segir kjarasamning sinn við stefnda hafa fallið úr gildi samkvæmt efni sínu þann 31. desember 1988. Efnisreglur hans hafi þó gilt áfram, en félagsmenn hafi, að undangenginni atkvæðagreiðslu, samþykkt að hefja verkfall þann 6. apríl 1989 til að knýja á um kröfur sínar um bætt kjör, sem settar hafi verið fram í febrúarmánuði 1989.

Stefnandi kveður markmið þeirra aðildarfélaga BHMR, sem verið hafi í samfloti í viðræðum við stefnda, hafa m.a. komið fram í samstarfssamningi þeirra frá 28. mars 1989: Þessi markmið hafi einkum verið að leiðrétta laun háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna til hækkunar, þannig að samræmi væri við laun manna á svonefndum almennum vinnumarkaði, sem hefðu sambærilega menntun og ábyrgð. Þá hafi kröfur einnig beinst að öðrum mál-efnum, sem ekki sé ástæða til að tíunda sérstaklega. Stefnandi kveður öll aðildarfélög BHMR, sem þátt tóku í samflotinu, hafa sammælt um að hafna þeirri leið við gerð kjarasamnings, sem aðildarfélög Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) fóru, þ.e. að gera kjarasamning til skamms tíma með afar litlum hækkunum launa. Sá kjarasamningur var undirritaður þann 7. apríl 1989.

Stefnandi kveður lítið hafa þokast í samningaumleitunum þrátt fyrir miklar viðræður samninganefnda aðila, allt fram í maímánuð, en þá hafi komist hreyfing á viðræðurnar. Aðfaranótt 5. maí hafi komið fram tilboð af hálfu samninganefndar stefnda, sem byggt hafi á kjarasamningi, sem stefndi hafði gert við Félag háskólakennara, en því tilboði hafi verið hafnað af hálfu samninganefndar aðildarfélaga BHMR. Tilboðið hafi gert ráð fyrir kjarasamningi til 30. júní 1990, en launahækkanir hafi átt að vera í samræmi við það, sem samið var um við aðildarfélög BSRB.

Pegar næsta dag kom fram annað tilboð, sem fól að sögn stefnanda í sér verulegar breytingar frá þeim hugmyndum, sem stefndi hafði kynnt í fyrra tilboði. Í tilboði þessu var að sögn stefnanda í 1. gr. ákvæði um, að fram skyldi fara endurskoðun á launakerfi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins með það fyrir augum, að eðlilegt tillit verði tekið til menntunar, sérhæfni og ábyrgðar. Hér var að sögn stefnanda komið til móts við grundvallaratriði krafna þeirra, sem settar höfðu verið fram og lýst er að framan, en orðalag óljóst og þokukennt. Ákvæðið hljóðaði svo:

„Endurskoða skal launakerfi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins með það fyrir augum, að eðlilegt tillit verði tekið til menntunar, sérhæfni og ábyrgðar, er störf háskólamenntaðra manna gera kröfu til. Stefnt er að því, að kerfisbreyting þessi taki gildi í áföngum á næstu 3 árum og verði árlega varið til þess verkefnis upphæð, er svarar til þess, að 2/3 hlutar félagsmanna færast upp um einn launaflokk.

Sérstök nefnd aðila fylgist með kjarapróun sérfræðinga og faglegra starfsstétta á hinum ýmsu sviðum vinnumarkaðarins, m.a. með tilliti til breytinga á réttindum og öðrum starfsskilyrðum.“

Stefnandi kveður, að í 2. gr. hafi verið ákvæði um skipan námsmatsnefndar með tiltekið verkefni og að í 3. gr. hafi verið ákvæði um skipan nefndar, sem meta hafi átt faglega og stjórnunarlega ábyrgð háskólamenntaðra manna í starfi hjá ríkinu. Þá hafi verið ákvæði í 5. grein, sem mælt hafi fyrir um stofnun sjóðs, er úthlutað skyldi úr í því skyni að örva rannsóknir og þróunarstarf og endurmenntun háskólamanna.

Þann 7. maí hafi svo legið fyrir enn eitt tilboð frá stefnda, sem var að sögn stefnanda að mestu leyti eins og hið fyrra, en gerði

þó m.a. ráð fyrir ýtarlegri útfærslu á verkefni svonefndrar ábyrgðarmatsnefndar.

Tilboðið var rætt, en texti þess og efnisatriði voru að sögn stefnanda ófullnægjandi.

Sama dag voru kynntar hugmyndir stefnda á blaði, sem hann nefndi „non paper“ og voru svipaðar þeim, sem áður höfðu verið kynntar, en þó með nokkrum veigamiklum breytingum. Í þessum hugmyndum var að sögn stefnanda m.a. tímasett, hvenær launabreytingar samkvæmt 1. grein skyldu koma til framkvæmda, og átti það að vera 1. júlí ár hvert, í fyrsta sinn 1. júlí 1990. Í þessum hugmyndum var í 2. kafla gert ráð fyrir, að laun hækkðu frá 1. maí 1989 til 2. maí 1990 til samræmis við þær hækkanir, sem um hafði verið samið í kjarasamningum annarra starfsstétta.

Eftir miklar viðræður um þessar hugmyndir slitnaði upp úr samningaumleitunum um sinn, og kveður stefnandi, að ástæður þess hafi einkum verið þær, að ekki var nægilega skýrt kveðið á um nýtt launakerfi, sem tæki tillit til menntunar og ábyrgðar. Viðræðuslitin ollu fjármálaráðherra miklum vonbrigðum, og kveður stefnandi, að haft hafi efnislega verið eftir honum í viðtali við Morgunblaðið þann 9. maí 1989 m.a. eftirfarandi:

„...Sá grundvöllur, sem unnið hafi verið eftir, hefði falið í sér, að um væri að ræða samning til þriggja ára og samþykkt um að taka upp nýtt launakerfi hjá ríkinu, sem byggðist á mati á menntun annars vegar og ábyrgð hins vegar, og sett væri inn ákveðin lágmarkstrygging fyrir því, að þetta skilaði ákveðnum áfangahækkunum. ...“

Þrátt fyrir það, að ekki væri boðað til samningafunda, kveður stefnandi, að fulltrúar aðila hafi tekið upp formlegar viðræður. Af hálfu stefnda tók m.a. þátt í þessum viðræðum ráðherra nefnd, en í henni sátu að sögn stefnanda Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra, Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra og Svavar Gestsson menntamálaráðherra. Ólafur Ragnar Grímsson fjármálaráðherra starfaði einnig náið með ráðherranefndinni.

Stefnandi segir, að dagana 14. og 15. maí hafi legið fyrir uppköst að kjarasamningi, sem hafi verið nokkuð breytt frá þeim hugmyndum, sem verið hafi ræddar fyrr í mánuðinum. Í uppkastinu frá 14. maí, sem rætt hafi verið þann dag og daginn eftir, segir

stefnandi, að 1. kafli hafi borið yfirskriftina: „Um endurskoðun á launakerfi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna.“

Í 1. grein þessa uppkasts hafi verið fjallað um endurskoðun launakerfis háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna í því skyni að leiðrétta kjör þeirra til hækkunar til samræmis við háskólamenntaða menn á hinum svonefnda almenna vinnumarkaði.

Í 2. grein hafi sem fyrr verið ákvæði um svonefnda kjara-samanburðarnefnd, sem ætlað var að vinna samanburð á kjörum þeirra hópa, sem tilgreindir voru í 1. gr. Nefndin skyldi skila fyrstu niðurstöðu eigi síðar en 1. mars 1990, en ljúka störfum eigi síðar en 1. júlí það ár.

Í 3. grein kveður stefnandi hafa verið ákvæði um námsmats-nefnd.

Í 4. grein voru ákvæði um ábyrgðarmatsnefnd. Voru einnig tilgreindar tímasetningar á verklokum á störfum þessara nefnda.

Í 5. grein voru ýmis ákvæði að sögn stefnanda, sem m.a. mæltu fyrir um, hvenær endurskoðun launakerfisins, sem verið var að semja um, skyldi lokið, og var þá miðað við 5 ár (1. mgr.). Í 2. mgr. 5. gr. sagði svo:

„Reynist tilefni til, skal tilfærsla milli launaflokka gerast í sem jöfnustum árlegum áföngum, er taki gildi 1. júlí ár hvert, sá fyrsti 1990.“

Í 3. mgr. sagði m.a., að tilfærsla milli launaflokka skyldi nema einum launaflokki hið minnsta að meðaltali, og var sérstaklega tiltekið að sögn stefnanda, hvernig skilja ætti orðið launaflokkur í þessu sambandi.

Í 5. mgr. var ákvæði um, að gæta skyldi innbyrðis samræmis í launakerfinu í landinu og taka tillit til aðstæðna og samkeppnisstöðu á vinnumarkaði.

Í 7. mgr. kveður stefnandi, að verið hafi svofellt ákvæði:

„Verði af einhverjum orsökum dráttur á niðurstöðum frá nefnd skv. 2. gr., skal lágmark á launaflokkatilfærslum skv. 2. mgr. hækka sem nemur 1/2 launaflokki að meðaltali. Um leið og niðurstöður nefndarinnar liggja fyrir, skal leiðrétta afturvirkir þær tilfærslur, sem gerðar hafa verið samkvæmt þessu bráðabirgða-ákvæði, enda leiði það til hækkunar.“

Í 8. grein var að sögn stefnanda ákvæði um úrskurðarnefnd, svohljóðandi:

„Rísi ágreiningur milli aðila um framkvæmd 1. kafla þessa samkomulags, svo sem um niðurstöður nefndar skv. 2. gr. og áfanga skv. 5. gr., getur hvor aðili um sig óskað eftir, að ágreiningnum verði vísað til úrskurðar þriggja manna nefndar, sem Hæstiréttur skipar.“

Jafnframt hafi sem fyrr verið gert ráð fyrir launahækkunum í 2. kafla, frá 1. maí 1989 til 30. júní 1990, sem hafi verið sambærilegar því, sem aðrir aðilar höfðu samið um.

Þegar ekki náðist saman um þessi atriði, sendi fyrrgreind ráðherranefnd að sögn stefnanda frá sér lokatilboð af hálfu stefnda. Kveður stefnandi, að lokatilboðinu hafi fylgt bréf frá forsætisráðherra, dags. 16. maí 1989, þar sem m.a. eftirfarandi er tekið fram:

„Tillagan sýnir einlæga viðleitni ríkisstjórnarinnar til þess að koma til móts við sjónarmið BHMR í veigamiklum atriðum án þess að valda röskun á launakerfinu í landinu.“

Tilboð þetta var að sögn stefnanda að mestu leyti eins og þær hugmyndir, sem voru ræddar dagana 14. og 15. maí, en þó hafi verið í 1. gr. tekið fram, að þess skyldi gætt, að breytingar þær, sem gera átti á launakerfi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, yllu „...ekki röskun á hinu almenna launakerfi í landinu“. Var í þessu lokatilboði búið að fella út áskilnað fyrri hugmynda um, að gæta ætti innbyrðis samræmis við launakerfið í landinu og að tekið skyldi tillit til aðstæðna og samkeppnisstöðu á vinnumarkaði.

Stefnandi kveður, að í lokatilboði þessu hafi verið breytingar í 5. gr., sem samninganefndarmönnum BHMR hafi þótt gleðiefni, enda kveðið þar fastar að orði en fyrr.

Þannig hafi átt að stefna að því að ljúka endurröðun á þremur árum í stað fimm áður.

Í 2. mgr. 5. gr. hafi orðin „Reynist tilefni til“ verið felld út og orðalag í lokatilboðinu verið svohljóðandi:

„Tilfærsla milli launaflokka skal gerast í sem jöfnustum árlegum áföngum, er taki gildi 1. júlí ár hvert, sá fyrsti 1990.“

Sjóðsstofnun hafi nú aftur verið hluti af tilboðinu, sbr. 8. gr. þess.

Þá hafi einnig verið búið að takmarka hlutverk úrskurðarnefndarinnar samkvæmt 9. gr. og hvorum aðila um sig veittur réttur til að skipa einn mann í hana, en Hæstiréttur oddamann. Hlutverk

úrskurðarnefndarinnar var nú að sögn stefnanda að taka einungis til úrlausnar ágreiningu um framkvæmd 2. gr. og 5. gr.

Stefnandi kveður, að nú hafi hafist miklar viðræður, og hafi ráðherranefndin tekið fullan þátt í þeim. Voru gerð ný samningsuppköst þann 17. maí og 18. maí. Í fyrirnefnda uppkastinu voru að sögn stefnanda enn gerðar breytingar til þess að treysta stöðir þess, sem raunverulega var verið að semja um. Í fyrstu grein voru t.d. felld út orðin „Þess skal gætt...“, en í stað þeirra hafi verið sett orð, sem gerðu málsgreinina þannig:

„Standa skal þannig að umræddum breytingum með þeim hætti, að þær valdi ekki röskun á hinu almenna launakerfi í landinu.“

Kveður stefnandi, að með þessu hafi orðið samkomuleg um, að þær breytingar, sem nú var skylt að gera, yrðu framkvæmdar með aðferðum, sem myndu duga til, að ekki yrði sérstök röskun á hinu almenna launakerfi í landinu.

Þá hafi einnig verið ræddar breytingar á 5. grein, sem mikla þýðingu hafi haft fyrir samninganefnd BHMR, en þeim var ætlað að tryggja félagsmönnum aðildarféлага lágmarkshækkun, ef kjarasamanburðarnefnd lyki ekki störfum með þeim hætti, sem samningurinn mælti fyrir um.

Stefnandi kveður það svo hafa verið hinn 18. maí, sem loks hafi verið ritað undir kjarasamning. Í þeim kjarasamningi hafi verið búið að breyta nokkuð fyrri uppköstum, og var einkum um að ræða breytingar á 5. og 9. grein (sem áður var 8. grein) að sögn stefnanda.

Í 3. mgr. 5 hafi enn verið ákvæði um, að í hverjum áfanga hækkunar (sem 2. mgr. sagði að ætti að gerast 1. júlí ár hvert) skuli miða við, að hækkun nemi einum launaflokki hið minnsta að meðaltali, en einstök starfsheiti og einstakir starfsmenn hækki þó ekki meira en nemi þremur launaflokkum.

Í 6. mgr. 5 kveður stefnandi, að hafi verið svofellt ákvæði:

„Hafi nefnd skv. 3. mgr. 2. gr. ekki skilað lokaálitni hinn 1. júlí 1990, skal greitt upp í væntanlega hækkun þannig, að tilfærslur milli launaflokka skv. 3. mgr. verði að jafnaði 1/2 launaflokki meiri en lágmark skv. 3. mgr. hefði verið frá 1. júlí 1990. Við endanlega ákvörðun áfangans skal þó enginn lækka í launaflokki.“

Stefnandi kveður, að í 9. grein hafi úrskurðarvald nefndarinnar, sem þar er fjallað um, enn verið þrengt, og hafi það aðeins átt að

ná til ágreinings um „framkvæmd kjarasamanburðar eða túlkun á niðurstöðum skv. 2. gr. eða fyrirkomulag breytinga skv. 5. gr.“

Í 2. kafla kjarasamningsins voru ákvæði um launahækkanir frá 1. maí 1989 til 30 september 1990, en hér var um að ræða hækkanir, sem að sögn stefnanda viku ekki verulega frá því, sem aðrir höfðu samið um.

Samningurinn gildi fram til 31. desember 1994.

Stefnandi kveður það hafa verið almenna túlkun á þessum samningi, að til skamms tíma, þ.e. fram á mitt ár 1990, fæli hann ekki í sér verulega meiri hækkanir en aðrir hópar í þjóðfélaginu hefðu samið um, en frá og með 1. júlí 1990 færði hann háskólamenntuðum mönnum í starfi hjá ríkinu verulegar launahækkanir umfram það, sem aðrir launþegar fengju. Þannig hafi leiðarahöfundur í Morgunblaðinu m.a. túlkað samninginn í blaðinu þann 20. maí 1989:

„Ljóst er, að í samkomulaginu felst ákvörðun um að hækka laun háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna verulega á næstu árum, og verður fróðlegt að sjá, hvort aðrir opinberir starfsmenn sætti sig við það án þess að fá sambærilegar hækkanir. Hefur einhver trú á því?“

Jafnframt kveður stefnandi, að forsætisráðherra hafi látið fara frá sér sambærilega túlkun, að síðustu orðum frátöldum, bæði í viðtali við Morgunblaðið 20. maí 1989 svo og í fréttatíma ríkisútvarpsins um þetta leyti.

Stefnandi kveður rétt að benda á, að samningnum hafi fylgt bókanir um ýmis atriði, sem lagt hafi samningsaðilum á herðar skyldur til að vinna sameiginlega að því að endurskoða og breyta ýmsum veigamiklum kjaraatriðum, svo sem reglum um barnsburðarleyfi, veikindaförföll, takmörkun á svonefndum lausráðningum, hækkun á örorkubótum, iðgjöldum til lifeyrissjóðs og endurskoðun á lögum 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Stefnandi kveður snemma á samningstímanum hafi borið á því, að erfitt hafi verið að fá fulltrúa stefnda til þess að vinna að þeim málefnum, sem bókanirnar mæltu fyrir um. Hafi BHMR ritað bréf til fjármálaráðherra í desember 1989, þar sem um þetta var kvartað og beint áskorun til hans um að taka upp nýja og betri siði í samskiptum við fulltrúa BHMR, en ráðherra þessi hafi ekki sinnt bréfinu. Hafi þá verið ritað bréf til forsætisráðherra með svipuðu efni

í janúar 1990, en það hafi ekki heldur borið árangur, þó að þessi ráðherra hafi sýnt meiri áhuga á málinu en fjármálaráðherra.

Með bréfi formanns BHMR frá 3. maí 1990 kveður stefnandi, að heildarsamtökin hafi óskað eftir því, að rædd yrðu nánar tilgreind atriði, sem lutu að nefndarstarfi því, sem vinna átti samkvæmt reglum 1. kafla kjarasamningsins frá 18. maí 1989, og lagt til, að sérstök nefnd fjalli um þessi atriði. Af hálfu samninga-nefndar stefnda var ekki talin ástæða til að fela sérstakri nefnd að fjalla um þessi atriði, slíkt yrði best gert í hinum tilgreindu nefndum, sem skipaðar voru samkvæmt kjarasamningnum.

Stefnandi kveður, að fyrirsvarsmenn BHMR hafi verið kvaddir á fund forsætisráðherra í forföllum þann 12. júní sl., þar sem þeim var afhent bréf hans til stjórnar BHMR. Í bréfi þessu er í upphafi rakið, að í þeim kjarasamningum, sem gerðir hafi verið á milli Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Vinnuveitendasambands Íslands (VSÍ) og síðar milli ríkisins og BSRB í febrúar, hafi fyrst og fremst verið samið um lækkun verðbólgu, efnahagslegan stöðugleika, styrkingu kaupmáttar og önnur efnahagsleg markmið. Er síðan að sögn stefnanda rakið, að almenn samstaða margra starfsstétta, sveitarfélaga og stofnana þjóðfélagsins væri um að tryggja, að markmið samninga þessara næðust. Rakið er, að einmitt nú sé sjáanlegur verulegur árangur þessara aðgerða. Síðan segir í bréfi þessu:

„Ein af forsendum kjarasamnings ASÍ og VSÍ, sem aðrir kjarasamningar hafa tekið mið af, er, að „launaþróun annarra verði sú sama og gert er ráð fyrir í samningi þessum“. Á það hefur verið lögð áhersla af hálfu forystumanna ýmissa verkalýðsfélaga og samtaka þeirra, að annað væri óeðlilegt, þar sem allir nyttu ávinnings samningsins. Í viðræðum við ríkisstjórnina og í fjölmiðlum hefur það viðhorf margoft komið fram af hálfu ASÍ og VSÍ, að sérstök hækkun til BHMR myndi raska forsendum þeirra kjarasamninga, sem yfir 90% launafólks í landinu hafa þegar gert. Jafnframt hefur það komið fram af hálfu fulltrúa þess launafólks, sem þegar hefur samið, að ef BHMR-félagar fengju almenna kauphækkun nú í sumar, myndu þeir að sjálfsögðu sækja viðlíka hækkunir til handa sínum umbjóðendum. Þar með myndu verða að engu efnahagsleg markmið og þeir þjóðhagslegu ávinningar, sem samningarnir frá því í febrúar 1990 fela í sér.“

Síðar í bréfi þessu segi:

„Ljóst er af því, sem að framan segir, að breytingar á launakerfi háskólamanna munu við núverandi aðstæður hafa í för með sér röskun á hinu almenna launakerfi í landinu og ógna þar með þeim efnahagslegu markmiðum og ávinningum, sem að er stefnt samkvæmt þeim samningum, sem þegar hafa verið gerðir af hálfu þorra launafólks.

Þar sem líkir langtímasamningar, gerðir af yfir 90% launafólks, geta hvorki talist tímabundnar sveiflur eða sérstakar aðstæður á vinnumarkaði, hefur ríkisstjórnin ákveðið að fresta framkvæmd nýs launakerfis háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna. Sú ákvörðun er tekin á grundvelli ákvæðis 1. greinar kjarasamnings BHMR um, að standa skuli „að umræddum breytingum með þeim hætti, að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu.“

Tekið er fram, að ljúka eigi því starfi í nefndum og öðrum verkefnum, sem kjarasamningurinn kveði á um.

Stefnandi kveður bréfitara hafa séð ástæðu til að taka fram síðar í bréfinu, að ríkisstjórnin hafi staðið að fullu við 2. kafla samningsins.

Ákvörðun þessari hefur verið harðlega mótmælt af hálfu BHMR, og kveður stefnandi fulltrúa BHMR og ríkisstjórnarinnar hafa átt með sér marga fundi til að ræða mál þetta.

Stefnandi kveður ríkisstjórnina hafa gert sérstaka samþykkt um málið þann 29. júní sl., en meginefni þeirrar samþykktar er efnislega eins og bréfið frá 12. júní 1990. Er í samþykkt þessari enn lögð áhersla á, að hinni sameiginlegu vinnu samningsaðila verði lokið sem fyrst.

Stefnandi kveður nú hafa brugðið svo við, að kl. 16.00 þann 29. júní hafi fulltrúar BHMR verið boðaðir á fund í kjarasamanburðarnefnd og á þeim fundi lagt fyrir þá svonefnt lokaálit fulltrúa fjármálaráðherra í nefndinni. Kl. 17.00 hafi þeir verið boðaðir á fund í ábyrgðarmatsnefnd, þar sem svonefnt lokaálit fulltrúa fjármálaráðherra hafi einnig verið lagt fram. Stefnandi kveður, að ekki sé um nein lokaálit að ræða, enda sé tekið fram í hinu svonefnda lokaáliti fulltrúa fjármálaráðherra í kjarasamanburðarnefnd, að öll ýtarleg greining á gögnum, sem safnað hefur verið, sé eftir, auk þess sem viðamikil gagnasöfnun sé í gangi.

Stefnandi kveður, að hið sama megi segja um starfið í ábyrgðarmatsnefnd.

Stefnandi kveður, að samninganefnd ríkisins hafi svo boðað fulltrúa BHMR á fund sama dag kl. 18.00 og lagt fram bréf, sem þrjár konur hafi undirritað fyrir hönd fjármálaráðherra, en bréfið er dagsett hinn sama dag. Í bréfi þessu sé í upphafi farið að fjalla um úrskurðarnefndina samkvæmt 9. grein kjarasamningsins, án þess að til þess hafi verið sjáanlegt tilefni.

Í 2. mgr. bréfsins segi svo:

„Eins og fram er komið, er ágreiningur milli aðila um framkvæmd kjarasamanburðar og túlkun skv. 2. gr. kjarasamningsins og um fyrirkomulag og framkvæmd breytinga á grundvelli 5. gr., en það er álit ríkisstjórnarinnar, að ákvæði 1. gr. samningsins, sbr. 5. gr., leyfi engar breytingar á launakerfi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna að svo stöddu.“

Segi svo í bréfi þessu, að hinum meinta ágreiningi verði vísað til áður umgetinnar úrskurðarnefndar.

Stefnandi kveður engan ágreining liggja fyrir um starf það, sem kjarasamanburðarnefnd var ætlað að vinna, enda sé starfi hennar fráleitt lokið, eins og reyndar sé viðurkennt af hálfu stefnda. Kveður stefnandi, að engum ágreiningi sé því hægt að skjóta til úrskurðarnefndarinnar. Hins vegar sé ágreiningur um það, hvort skilja beri kjarasamning aðila frá 18. maí 1990 svo, að stefnda sé skylt að greiða hinar umkröfðu launahækkanir, eða hvort honum sé einhliða heimilt að fella niður efnidir á þeim grundvelli, sem lýst er í bréfi starfandi forsætisráðherra, frá 12. júní 1990.

Stefnandi kveður þann ágreining hér með borinn undir hinn rétta lögmæltu úrlausnaraðila, Félagsdóm, en tilraunir stefnda til þess að láta skila svonefndum lokaálitum í nefndunum tveimur séu einungis viðhafðar í þeim tilgangi að reyna að þyrlla upp ágreiningi til þess að fá tilefni til að blanda úrskurðarnefndinni inn í málið.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að í framangreindum kjarasamningi aðila hafi verið um það samið, að endurskoða skyldi launakerfi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og byggja þá endurskoðun á tilteknum kjarasamanburði og álitum frá námsmatsnefnd og ábyrgðarmatsnefnd.

Stefnandi kveður sérstaklega hafa verið um það samið í 5. grein

kjarasamningsins, að launin skyldu hækka um einn launaflokk hið minnsta að meðaltali 1. júlí 1990, og ef kjarasamanburðarnefnd hafi ekki lokið störfum, hafi verið um það samið, að hækkunin skyldi vera 1/2 launaflokki hærri, þ.e. hækka um 1 1/2 launaflokk hið minnsta að meðaltali.

Skv. 3. mgr 5. gr. hafi hækkunin aldrei átt að vera minni en nemur einum launafloki, og hafi þessi skilningur á samningnum verið hinn almenni, þegar hann hafi verið gerður. En hætta hafi verið talin á, að starfið myndi dragast, og þess vegna hafi komið sérstakt viðurlagaákvæði í 6. mgr. 5. gr., eins og rakið hafi verið hér að framan. Stefnandi mótmælir algerlega þeirri túlkun stefnda hér fyrir dómi, að framlagning áfangaskýrslu 1. mars 1990 hafi verið forsenda þess, að viðurlagaákvæðið yrði virkt. Um slíkt hafi aldrei verið talað, og hvergi sé getið um tengsl þar á milli.

Stefnandi kveður starfið í nefndum þessum ekki lokið, enda hafi þær ekki skilað lokaáliti, og breytti hér engu aðferðir fulltrúa fjármálaráðherra, sem að framan er lýst.

Stefnandi kveður, að stefnda hafi verið ljóst, að hækkunar ættu að koma til framkvæmda þann 1. júlí 1990 í fyrsta sinn, enda beri bréf starfandi forsætisráðherra frá 12. júní það glögglega með sér.

Stefnandi kveður með öllu ósannað, að slíkar launahækkunar til handa háskólamenntuðum ríkisstarfsmönnum, sem þeir hafi samið um sér til handa 1. júlí, hafi einhver önnur áhrif nú en fyrirséð var, þegar samningurinn var gerður, á hið svonefnda almenna launakerfi í landinu nú, að stefndi geti einhliða felld niður efndir af sinni hálfu. Stefnandi kveður, að fráleitt sé, að þessar hækkunar hafi önnur áhrif nú en fyrirséð var, er stefndi tókst á herðar skyldu til að inna þær af hendi í maí 1989.

Stefnandi kveður þá ákvörðun stefnda að vísa hinum tilbúna ágreiningi til úrskurðarnefndar sýna, að niðurstaða nefndarstarfsins liggja ekki fyrir og það sé því staðfesting á, að hin sjálfstæðu lágmarksákvæði 5. gr. kjarasamningsins, sem lýst er að framan, eigi að koma til framkvæmda. Hefur því margsinnis verið lýst yfir af hálfu t.d. forsætisráðherra, að nauðsyn sé á því að halda nefndarstarfinu áfram.

Um frávisunarkröfu stefnda, sem byggist á því, að nefnd skv. 9. gr. kjarasamningsins eigi að fjalla um mál þetta, tekur stefnandi fram, að úrskurðarvald nefndarinnar taki með engum hætti til þess

ágreinings um skilning á kjarasamningnum, sem hér sé lagður fyrir Félagsdóm. Nefndinni hafi verið ætlað að fjalla um sérstaklega tilgreind tæknileg atriði varðandi framkvæmd kjarasamanburðar eða túlkun á niðurstöðum skv. 1. gr. eða fyrirkomulag breytinga skv. 5. gr., til þess að sérstakur úrskurðaraðili gæti án tafar rutt úr vegi slíkum málefnum, meðan starfið væri í gangi. Slíkt ákvæði lúti þrængjandi lögskýringu, þegar samið sé undan dómstólameðferð. Nefnd skv. 9. gr. hafi alls ekki verið ætlað að fjalla um lögfræðilegan ágreining, eins og hér sé lagður fyrir Félagsdóm, og beri því að hafna frávisunarkröfu stefnda.

Lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á þeim lagarökum, sem eru almenn lögfræðileg rök í samningarétti og kröfurétti, að gerða samninga beri að efna samkvæmt orðum sínum. Stefnandi kveður, að túlkunarreglur, hvort heldur er á sviði almenna hluta samningaréttar eða vinnumarkaðsréttar, styðji kröfugerð sína. Stefnandi byggir á því, að viðurlagaákvæði 6. mgr. 5. gr. samnings aðila eigi við í máli þessu. Verði á það fallist, sé næsta spurning, hvort stefndi geti einhliða fellt niður skyldur sínar til þess að greiða skv. því. Í lögum sé eingöngu gert ráð fyrir forsendubresti, sem geti undanþegið skyldu. Hér sé ekki um breyttar eða brostnar forsendur að ræða, og vísi stefnandi til dóms Félagsdóms 9. 12. 1939, þar sem heimsstyrjöld hafi ekki verið talin breyta forsendum kjarasamnings. Stefnandi vísar í skýrslur þær, sem teknar hafi verið hér fyrir dómi af Páli Halldórssyni, formanni Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Birgi Birni Sigurjónssyni, framkvæmdastjóra þeirra samtaka, Steingrími Hermannssyni forsætisráðherra, Ólafi Ragnari Grímssyni fjármálaráðherra og Þorsteini Geirssyni, ráðuneytisstjóra í dóms og kirkjumálaráðuneyti.

II.

Stefndi kveður málavaxtalýsingu frá hendi stefnanda í veigamiklum atriðum villandi. Sé því óhjákvæmilegt að gera athugasemdir við hana og greina nánar frá einstökum þáttum málavaxta, eins og þeir horfi við stefnda. Vísar stefndi í skýrslur aðila og vitna hér fyrir dómi.

Einu kröfugerðina fram að verkfalli, sem stefnda barst vegna stefnanda, sé að finna í skjali, dags. í febrúar 1989, en hún hafi verið sett fram af hálfu BHMR í nafni aðildarféлага þess. Á grund-

velli þessarar ófullburða kröfugerðar hófust síðan verkföll ýmissa aðildarféлага BHMR hinn 6. apríl 1989.

Samningaviðræðum við BHMR megi til einföldunar skipta upp í þrjú tímabil.

Fyrsta tímabilið nái til 9. maí, er óvænt kom í ljós, að þeir fulltrúar úr samninganefnd BHMR, sem þátt tóku í þessum viðræðum, reyndust ekki hafa samningsumboð aðalsamninganefndar samtakanna um þann grundvöll að kjarasamningi, sem aðilar höfðu sett mikla sameiginlega vinnu í 6.-9. maí. Stefndi geti ekki samsinnt þeirri framsetningu stefnanda um þetta tímabil, þar sem látið er að því liggja, að þau samningsdrög, sem þá komu fram, væru formleg tilboð ríkisins. Hið rétta sé, að þau voru árangur sameiginlegrar vinnu aðila á þessum tíma, og orsök þess, að þeim lyktaði ekki með samningi þá, var, að því er virtist, sambandsleysi fulltrúa í viðræðunefnd BHMR við eigin samninganefnd, eins og endurrit úr fundargerðarbók ríkissáttasemjara beri með sér.

Annað tímabil samningaviðræðna nær til 17. maí. Á því tímabili tóku nokkrir ráðherrar auk fjármálaráðherra þátt í viðræðum við fulltrúa BHMR. Þorkell Helgason prófessor var þeim til aðstoðar. Því lauk með fundi aðfaranótt 17/5 um athugasemdir BHMR við samningsdrög, er fólu í sér lokatilboð ríkisstjórnarinnar. Athygli sé vakin á því, að í bréfi forsætisráðherra er skýrt tekið fram, að í tilboðinu komi fram viðleitni til að koma til móts við sjónarmið BHMR í veigamiklum atriðum án þess að valda röskun á launakerfinu í landinu. Fyrirvari 1. gr., er fól í sér, að framkvæmd endurskoðaðs launakerfis gæti ekki náð fram að ganga, ef það ylli röskun á vinnumarkaði og efnahagslegum kollsteypum, stóð því efnislega afdráttarlausara orðalagi en áður var. Þeim skilningi og þessu skilyrði af hálfu ríkisins fyrir endurskoðun á launakerfi háskólamanna hafði margoft verið lýst á fundum og fulltrúum BHMR því mæta vel ljóst, að það skilyrði gæti tálmað framkvæmd þess, enda liggur í hlutarins eðli, að það væri eingöngu vegna endurröðunar félaga í BHMR í launaflokka, að til röskunar gæti komið. Í 5. gr. var að sjálfsögðu áfram á því byggt, að endurröðun í launaflokka ætti sér því aðeins stað, að tilefni væri til að leiðrétta kjör, sbr. t.d. 4. og 5. mgr. 5. gr. þessara samningsdraga. Orðalag 9. gr. sé eingöngu lagfært og feli ekki í sér, að hlutverk úrskurðarnefndar hafi verið takmarkað, enda ljóst, að sú nefnd átti ekki að fjalla um ákvæði 6. 8. gr.

Eftir að framangreint lokatilboð hafði verið afhent kl. 12.15 hinn 16. maí, afhentu fulltrúar BHMR skömmu eftir miðnætti athugasemdir sínar, sem þeir kölluðu „Tillögur BHMR til lausnar deilu fjármálaráðherra og háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna“. Af hálfu ráðherranna var hægt að fallast á sumar af þessum tillögum, en aðrar ekki, sbr. áritaðar athugasemdir og prentaðan texta samningsdraga, en þau drög voru til umfjöllunar á fundum samninganefnda aðila þann 17. maí. Meðal þess, sem með öllu var hafnað af ráðherrunum, var sú krafa BHMR, að næstsíðasta setning 1. gr. félli brott. Að öðrum kosti féllu út fyrstu fjögur orð hennar, þ.e.: „Þess skal gætt að ...“, þannig að upphaf setningarinnar hljóðaði svo: „Umræddar breytingar valda ekki röskun á ...“ Þeirri kröfu var einnig hafnað.

Eftir þennan fund aðfaranótt 17. maí tóku ekki aðrir ráðherrar úr ríkisstjórninni en fjármálaráðherra þátt í samningaviðræðunum.

Þriðja tímabilið hefst með fundi samninganefndanna í Rúgbrauðsgerðinni um samningsdrög, en sá fundur hófst upp úr kl. 10.30 hinn 17. maí. Þá kom BHMR enn fram með þá kröfu, að næstsíðasta setning 1. gr. félli út. Því var enn hafnað. Páll Halldórsson kom þá fram með þá tillögu, að í stað orðanna: „Þess mun gætt, að umræddar breytingar ...“ kæmu orðin: „Standa skal að umræddum breytingum ...“. Á þessa breytingatillögu var fallist af hálfu stefnda þennan sama dag, enda fól hún í sér ákveðnara orðalag, en ekki efnisbreytingu. Af hálfu BHMR kom ekki fram nein skýring á þessari tillögu og þaðan af síður í þá veru, að í henni ætti að felast efnisbreyting, eins og nú er haldið fram. Á fundi aðila um kl. 21 hafði BHMR enn uppi þá kröfu, að næstsíðasta setning 1. gr. yrði felld brott. Þeirri kröfu var enn hafnað og áréttað, að ekki væri pólitískur vilji fyrir því af hálfu ríkisstjórnarinnar að falla frá skilyrðinu. Einnig var bent á, að fallist hefði verið á breytingartillögu, sem BHMR setti fram á morgunfundi, sbr. dskj. nr. 39 og 41-42, sem eru minnispunktur þriggja samningamanna ríkisins af þeim fundi.

Á fundi aðila að morgni 17. maí var einnig efni 5. gr. til umræðu. Þar var rædd ósk BHMR um, að í samninginn yrðu tekin ákvæði um einhvers konar viðurlög sem svipu á, að lokaálit lægi fyrir hinn 1. júlí 1990. Þá svipu töldu þeir vanta, ef gólf og þak skv. 3. mgr. ætti að vera óbreytt. Hjá þeim kom fram það álit, að full þörf væri á slíku aðhaldi til að koma í veg fyrir, að fulltrúar ríkisins í kjara-

samanburðarnefnd tefðu lokaniðurstöðu til að draga, að réttmætar launaflokkatilfærslur kæmust til framkvæmda 1. júlí 1990. Enn fremur var rétt um heimild stéttarfélaga til að nota tilefni til launaflokkatilfærslna til þess að semja í staðinn um önnur kjaraatriði. Á kvöldfundinum lýsti fjármálaráðherra fyrst tillögu að orðalagi að nýrri mgr., er yrði 6. mgr. og fjallaði um heimild stéttarfélags til að semja um önnur kjaraatriði. Því næst lýsti hann tillögu stefnda um ákvæði um uppígreiðslur í júlí 1990 (á minnisblaði á dskj. nr. 41 kallað tillaga 3), er verða skyldi ný 7. mgr. og hljóðaði svo: „Hafi nefnd skv. 3. mgr. 2. gr. ekki skilað lokaálitni hinn 1. júlí 1990, skal greiða hverjum félagsmanni, er átt getur kost á launaflokkatilfærslu, 1250 kr. á mánuði miðað við fullt starf upp í væntanlega hækkun frá 1. júlí 1990, þar til afgreiðsla launaflokkatilfærslu fer fram.“ Viðbrögð BHMR voru þau að óska frekar eftir uppígreiðslum miðað við prósentu heldur en greiðslu miðaða við krónutölu. Ákvæði þess efnis voru síðan færð inn í samningsuppkast og röð 6. og 7. mgr. víxlað. Á morgunfundi 18. maí var ákvæði núverandi 6. mgr. enn til umfjöllunar og gerð breyting á því í þá veru, sem varð í endanlegum samningi, undirrituðum hinn 18. maí 1989.

Á kvöldfundi hinn 17. maí kom fram tillaga frá Páli Halldórssyni, formanni BHMR, um breytingu á orðalagi upphafsákvæðis 9. gr. þannig að í stað orðanna „um framkvæmd 2. gr. og 5. gr. ...“ kæmu orðin „um framkvæmd kjarasamanburðar, túlkun niðurstaðna skv. 2. gr. eða fyrirkomulag breytinga skv. 5. gr. ...“. Sú breyting kom inn í endanlegan texta lítilega snyrt. Í stefnu er neðst á bls. 6 þessi breyting túlkuð sem þrenging á hlutverki úrskurðarnefndarinnar. Á það er alls ekki unnt að fallast, enda nærtækara að líta svo á, að orðalagið feli í sér rýmkun, sbr. orðin „framkvæmd kjarasamanburðar“ og „fyrirkomulag breytinga“, en um þetta fjalla ekki aðeins 2. og 5. gr., heldur einnig 1. gr.

Eftir að kjarasamningurinn var undirritaður, létu ýmsir forystumenn stéttarfélaga innan BHMR og formaður þess í ljós skoðun sína á þeim í fjölmiðlum. Kom þar m.a. fram sú almenna túlkun þessara aðila, að samningurinn fæli í sér áhættu fyrir stéttarfélögin, án þess að sú áhætta væri skilgreind nánar.

Nefndarstörf í þremur nefndum skv. 2.-4. gr. samningsins hófust fljótlega eftir samningsgerðina. Þannig voru haldnir 26 fundir í kjarasamanburðarnefnd fram til 1. júlí sl. og 15 fundir í námsmats-

nefnd og enn fremur 20 fundir í ábyrgðarmatsnefnd. Námsmatsnefnd skilaði sameiginlegu álitu í mars 1990. Í ábyrgðarmatsnefnd reis ágreiningur um hversu nákvæmlega átti að skilgreina helstu störf, hvernig röðun helstu starfa ætti að vera og hvernig meta ætti hvern þátt ábyrgðar. Enn fremur reis óvænt ágreiningur um það, hvert væri verkefni nefndarinnar, þegar fulltrúar BHMAR lögðu 18/5 1990 m.a. fram tillögu um nýja skilgreiningu á því. Ekki náðist samkomulag um sameiginlega niðurstöðu, og skiluðu fulltrúar ríkisins í ábyrgðarmatsnefnd lokaáliti sínu hinn 29. júní 1990.

Störf í kjarasamanburðarnefnd og gagnasöfnun reyndist miklum mun tímafrekari en gert var ráð fyrir í upphafi, svo að tímasetningar stóðust ekki, án þess þó að við neinn væri að sakast um það. Skortir t.d. enn mjög mikið á gögn varðandi kjarakönnun og úrvinnslu úr þeim á samanburðarhæfum hópum. Um þá könnun reis ágreiningur varðandi úrtak háskólamenntaðra manna hjá ríkinu, en til að tefja ekki störf nefndarinnar skutu fulltrúar ríkisins þeim ágreiningi á frest. Fyrstu niðurstöður úr kjarakönnun Gallup bárust ekki fyrr en 26. júní. Öll úrvinnsla úr þeim í samræmi við starfsreglur kjarasamanburðarnefndar og kjarasamninginn var þá eftir. Af öllum þessum ástæðum reyndist alls ekki unnt að skila þeirri áfangaskýrslu, sem gert var ráð fyrir í 3. mgr. 2. gr., að lægi fyrir hinn 1. mars 1990. Sú áfangaskýrsla átti að leiða í ljós, hvort eitt-hvert tilefni væri til að leiðrétta kjör. Hana skyldi hafa til hliðsjónar við endurröðun í launaflokka í fyrsta áfanga hinn 1. júní 1990. Þá náðist, ekki heldur samstaða í nefndinni um mat á hlunnindum. Töldu fulltrúar ríkisins, að ekki yrði lengra komist miðað við þann ágreining, sem uppi var með aðilum. Að álitu þeirra gerðu fyrirbyggjandi upplýsingar í lok júní aðilum enn ekki kleift að skilgreina og meta hugsanlegt tilefni til leiðréttingar á kjörum með þeim faglegum hætti, sem kjarasamningurinn og starfsreglur kjarasamanburðarnefndar kveða á um. Skiluðu þeir lokaáliti sínu í þá veru hinn 29. júní 1990.

Af hálfu starfsmanna stefnda var enn fremur mikil vinna lögð í þau ákvæði, sem komu fram í bókunum, sem samningnum fylgdu. Er harðlega mótmælt sem röngum þeim ásökunum, sem fram koma í stefnu um þau efni.

Á þeim tíma, sem kjarasamningur aðila var gerður, voru í gildi skammtímasamningar aðildarféлага ASÍ og BSRB o.fl., er runnu út

í desember 1989 og í janúar 1990. Hinn 1. febrúar 1990 gerðu Alþýðusamband Íslands annars vegar og hins vegar Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, Meistara- og verktakasamband byggingarmanna og Reykjavíkurborg með sér nýjan kjarasamning. Þessi kjarasamningur markaði þáttaskil í gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Helstu einkenni hans eru þau, að hann er gerður til langs tíma eða til 15. september 1991. Auk þess er megináhersla lögð á kjarabætur í formi verðbólguhjöðnunar og stöðugleika í verðlagi, og m.a. til að tryggja það er beinum launahækkunum mjög í hóf stillt. Í 10. gr. þess samnings kemur m.a. fram, að það er forsenda hans, að launaþróun annarra verði sú sama og gert sé ráð fyrir í samningnum. Í kjölfar þessa samnings gerði síðan í febrúar til apríl fjöldi annarra launþegafélaga og sambanda samninga, sem tóku mið af þessum samningi, þ. á m. um sömu forsendur varðandi launaþróun annarra. Leiðir af þessari forsendu, að stéttarfélagin geta krafist leiðréttinga til samræmis við launaþróun annarra, og rétt þeirra til að segja upp samningi, verði ekki gengið að slíkri kröfu. Í kjarasamningi BSRB, er gerður var 2. febrúar 1990, er ekki sérstakt ákvæði um launaþróun annarra, en hins vegar eru allar aðrar efnahagsforsendur, tilvitnaðra samninga í honum.

Hinn 12. júní sl. ritaði forsætisráðherra stjórn Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna bréf, þar sem lýst var því álitu ríkisstjórnarinnar, að breytingar á launakerfi háskólamanna myndu við núverandi aðstæður hafa í för með sér röskun á hinu almenna launakerfi í landinu og ógna þar með þeim efnahagslegu markmiðum og ávinningi, sem að er stefnt samkvæmt þeim samningum, sem þegar hafa verið gerðir af hálfu þorra launafólks. Ekki væri unnt að líta á slíka langtímasamninga, gerða af yfir 90% launafólks, sem tímabundnar sveiflur eða sérstakar aðstæður á vinnumarkaði. Því hafi ríkisstjórnin ákveðið á grundvelli 1. gr. kjarasamningsins að fresta framkvæmd nýs launakerfis háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, en þar segi, að standa skuli „að umræddum breytingum með þeim hætti, að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu“.

BHMR mótmælti þessu, og þau mótmæli koma m.a. fram í málshöfðun þessari. Einnig ritaði BHMR ASÍ bréf og krafðist svara við ákveðnum spurningum. Í svarbréfi ASÍ á sama dómskjali kemur

afráttarlaust fram, að í samræmi við forsendur og áskilnað í kjarasamningi ASÍ yrði krafist sömu launahækkana félagsmönnum ASÍ til handa og félagsmenn BHMR kynnu að fá við endurskoðun launakerfis. Af hálfu Vinnuveitendasambands Íslands hefur einnig þeirri skoðun verið lýst, að slíkt myndi valda röskun á hinu almenna launakerfi í landinu.

Eftir að framangreint bréf var ritað hinn 12. júní, áttu forsætisráðherra, viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra fund með formanni HÍK og framkvæmdastjóra og formanni BHMR, þar sem sá síðastnefndi lýsti þeirri skoðun, að unnt væri að framkvæma endurskoðunina, án þess að það raskaði hinu almenna launakerfi. Þrátt fyrir það að margsinnis væri beðið um tillögur frá BHMR, sem ekki yllu röskun, var eingögnu bent á launaflokkatilfærslur af þeirra hálfu.

Hinn 29. júní sl. tilkynnti stefndi BHMR, að hann myndi vísa þeim ágreiningi, sem væri með aðilum um framkvæmd kjarasamanburðar og um fyrirkomulag og framkvæmd breytinga, til úrskurðarnefndar skv. 9. gr., en að áliti ríkisstjórnarinnar leyfði ákvæði 1. gr., sbr. 5. gr., engar breytingar á launakerfi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna að svo stöddu. - Stefnanda til fróðleiks skal það upplýst, að það bréf er undirritað af þriggja manna stjórn samninganefndar ríkisins -. Var ágreiningnum síðan samdægurs vísað til nefndarinnar.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að heimilt hafi verið og skylt að fresta framkvæmd nýs launakerfis 1. júlí 1990 og honum sé því óskylt skv. 1. gr. kjarasamningsins að greiða neina launaflokkahækkun að svo stöddu, þar sem slíkt valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu. Þá er því enn fremur mótmælt, að krafa stefnanda eigi nokkra stoð í 5. gr. kjarasamningsins.

Rök stefnda fyrir frávisunarkröfu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að skilja beri það ákvæði 1. gr. kjarasamnings aðila, að „Standa skal að umræddum breytingum með þeim hætti, að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu“, svo, að í því felist fyrirvari um það, að tiltekna aðstæður á vinnumarkaði geti leitt til þess, að fresta skuli framkvæmd endurskoðaðs launakerfis skv. 1. kafla samningsins. Þann skilning styður bæði orðalag ákvæðisins, gagnályktun frá næstu setningu á eftir, sem segir, að tímabundnar sveiflur og sérstakar aðstæður á

vinnumarkaði skuli ekki hafa áhrif á þessa endurskoðun, svo og atvik við samningsgerðina.

Af hálfu stefnanda sé því haldið fram, að upphafsorð ofangreinds fyrirvara beri að skilja svo, að með því hafi aðilar orðið sammála um, að framkvæmd endurskoðaðs launakerfis eftir reglum 5. gr. tryggði, að ekki yrði sérstök röskun á hinu almenna launakerfi í landinu. Því sýnist nánast haldið fram, að það, sem áður fól í sér skilyrði af hálfu stefnda, feli eftir breytingu upphafsorðanna í sér staðfestingu á því, að fyrirvarinn sé nú fallinn niður og ákvæðið feli þess í stað í sér tryggingu til handa stefnanda fyrir því, að framkvæmd launakerfisbreytingar skuli ná fram að ganga án tillits til afleiðinga fyrir launakerfið í landinu. Þessi framsetning sé með ólíkindum. Hér áður er rakið, hvernig ákvæði þetta kom inn í samningstexta sem algert skilyrði af hálfu ríkisins og hvernig orðalag þess breyttist í samningsgerðinni, enn fremur ítrekaðar kröfur BHMR, sem ótvírætt var hafnað, um brottfall þessa ákvæðis, meira að segja eftir að það setti fram þá orðalagsbreytingu, sem stefnandi telji sér nú svo mjög í hag.

Af hálfu stefnda sé ekki dregið í efa, að Félagsdómur eigi dómsvald um þá gagnstæðu túlkun 1. gr. kjarasamningsins, sem lýst er hér að framan.

Hins vegar er því haldið fram, að kröfugerð stefnanda heyri a.m.k. á þessu stigi undir valdsvið nefndar skv. 9. gr. samningsins. Samkvæmt þeirri grein getur hvor aðili um sig vísað sérhverjum ágreiningi, sem rís um framkvæmd kjarasamanburðar eða á túlkun á niðurstöðum skv. 2. gr. eða fyrirkomulagi breytinga skv. 5. gr., til úrskurðar þriggja manna nefndar.

Verði ákvæði þetta ekki skilið öðruvísi en svo, að úrskurðarvaldið nái jafnt til þess ágreinings, hvort framkvæmd skuli frestast vegna skilyrðis 1. gr., sem og til þess að kveða á um þær efnislegu ákvarðanir, sem aðilum eða kjarasamanburðarnefnd er ætlað að taka samkvæmt samningum, en þeim tekst ekki að ná samkomulagi um. Samkvæmt þessu heyri það undir nefnd skv. 9. gr. að leggja mat á og úrskurða, hvort aðstæður séu með þeim hætti nú, að framkvæmd endurskoðaðs launakerfis myndi valda röskun á hinu almenna launakerfi í landinu. Sé aðalkrafa um frávisun málsins á því reist.

Um kjarasamanburðinn séu efnisreglur bæði í 1. og 2. gr. samn-

ingsins. Orðin „framkvæmd kjarasamanburðar“ séu því greinilega notuð í mjög víðtækri merkingu og varði hvers konar ágreining, sem rís í sambandi við kjarasamanburð og öll endurskoðun launakerfisins grundvallast á. Í 9. gr. sé að finna beina tilvísun til 2. og 5. gr., og í síðarnefndu greininni kemur fram bein tilvísun til 1. gr. Þannig segi í 1. mgr. 5. gr., að „endurraða skal starfsheitum í launaflokka í samræmi við endurskoðun launakerfisins skv. 1. og 2. gr.“. Orðalagið í 9. gr., að gerðardómur úrskurði ágreining, er rís um „fyrirkomulag breytinga skv. 5. gr.“, verði því ekki öðruvísi skilið en svo, að þar undir komi ágreiningur um, hvort unnt sé að framkvæma breytingar á launakerfinu við tilteknar aðstæður, án þess að þær valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu í skilningi 1. gr. samningsins.

Samkvæmt þessu telur stefndi, að gerðardómur skv. 9. gr. kjarasamnings aðila eigi úrskurðarvald um það, hvort sú ákvörðun ríkisins að fresta að svo stöddu framkvæmd nýs launakerfis háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna hafi verið réttmæt skv. 1. gr. á þeim grundvelli, að slíkar launaflokkatilfærslur myndu við núverandi aðstæður raska hinu almenna launakerfi í landinu.

Af hálfu stefnda hafi þeim ágreiningi þegar verið skotið til gerðardóms skv. 9. gr. hinn 29. júní sl.

Rök stefnda fyrir sýknukröfu.

A. Sýknukrafa styðst í fyrsta lagi við það, að heimilt og skylt hafi verið að fresta framkvæmd nýs launakerfis. Stefnda sé því óskylt skv. 1. gr. kjarasamningsins að greiða nokkra launaflokkahækkun skv. 5. gr. að svo stöddu, þar sem slíkt valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu.

Eins og kjarasamningum alls þorra launþega er hagað nú, sé þessi fyrirvari virkur og því heimilt að fresta þeim breytingum. Launaflokkatilfærslur til handa háskólamenntuðum ríkisstarfsmönnum skv. 1. kafla samningsins myndu sjálfstætt leiða beint til röskunar á forsendum þessara kjarasamninga og þar með raska hinu almenna launakerfi í landinu. Auk þess sé það beinlinis viðurkennt af hálfu stefnanda í stefnu, að launahækkanir til félagsmanna stefnanda nú myndu leiða af sér launahækkanir á vinnumarkaðnum. Eins og sakir standa, myndu launaflokkatilfærslur leiða til uppnáms á vinnumarkaðnum með þar af leiðandi almennum launahækkunum. Þær myndu aftur skv. 15. gr. kjarasamnings BHMR leiða til hækkunar

hjá BHRM, sem aftur leiddi til hækkana hjá öðrum og svo koll af koll og vera þannig eingöngu eldsmatur í nýju verðbólugubáli.

Þannig stæðu aðilar auk þess engu nær því markmiði að brúa hugsanlegan kjarasmun, sem sé eini tilgangur 1. - 5. gr. I. kafla samningsins. Launaflokkatilfærslur nú geti því ekki þjónað því markmiði, sem stefnt er að með þessum greinum I. kafla samningsins.

Þá sé því eindregið mótmælt, að launahækkunar vegna nýs launakerfis hafi ekki önnur áhrif nú en fyrirséð var við samningsgerð. Komi þar hvort tveggja til, að nú sé í kjarasamningum þorra launþega í landinu beinlínis byggt á því sem forsendu, að aðrir launþegar fylgi sömu launaþróun. Vegna minni verðbólgu og lægri umsaminnna launahækkana en var á árinu 1989 hafi launaflokkatilfærslur skv. 3. mgr. og 6. mgr. 5. gr. nú miklu afdrifaríkari afleiðingar á almenna launakerfið í landinu en fyrirséð var við samningsgerð. Þannig valdi nú launahækkun um 1,5% að meðaltali, sem samsvari hálfum launaflokki, ótvírætt röskun, hvað þá hækkun um 4,5% eða einn og hálfan launaflokk að meðaltali. Um það vísast til skýrslu Þjóðhagsstofnunar, dags. 22. júní 1990.

B. Í annan stað er sýknukrafa reist á því, að kröfugerð stefnanda eigi ekki stöð í 5. gr. kjarasamnings aðila. Í kjarasamningi sé ekki að finna nein ákvæði, sem almennur réttur allra félagsmanna stefnanda til launaflokkatilfærslna um einn og hálfan launaflokk frá 1. júlí sl. yrði reistur beint á.

Um almennar launahækkunar sé fjallað í ákvæðum 2. kafla samningsins, sbr. í því sambandi yfirskrift hans og einkum 12. gr. Slíkar hækkunar geti og komið til skv. ákvæðum 15. gr., sem er í 3. kafla. Kröfugerð stefnanda um almenna hækkun launa með launaflokkatilfærslu um 1 1/2 launaflokk til félagsmann sinna á hins vegar ekki stöð í þeim ákvæðum.

Alls ekki er fjallað um neinar almennar launahækkunar í 1. kafla samningsins. Í þeim kafla er aðeins fjallað um sérstakar hækkunar til tiltekinn starfsmanna, sem staðreynt hefur verið, að ástæða sé til að leiðrétta, sbr. 1., 2. og 5. gr. Mat á því, hvort tilefni er til leiðréttinga, er skv. 3. mgr. 2. gr. í höndum kjarasamanburðarnefndar eða gerðardóms, rísi ágreiningur um það. Á grundvelli þess mats er stefnt að því að leiðrétta þann mun, sem þannig kann að koma í ljós, með launaflokkatilfærslum, sbr. 5. gr. Þær skulu

gerast í sem jöfnustum árlegum áföngum, sbr. 2. mgr. 5. gr. Aðilar eða gerðardómur skipta þeim áföngum niður. Réttur einstakra starfsmanna til tilfærslna skal ákveðinn af aðilum sammingsins, nái þeir um það samkomulagi, ella úrskurðar gerðardómur skv. 9. gr. um það.

Kröfugerð stefnanda á hins vegar ekki stoð í rétti, sem hafi verið þannig ákveðinn. Þannig er óumdeilt, að ekki liggur fyrir matsniðurstaða þess efnis, að kjaramunur sé til staðar, sem tilefni sé til að leiðrétta, og þaðan af síður, að slíkt eigi við félagsmenn stefnanda, einhvern eða alla. Þá skal auk þess vakin athygli á því, að stéttarfélag hefur skv. 7. mgr. heimild til að semja um önnur kjaraatriði, er jafngildi þeirri tilfærslu sem tilefni gefst til, eða hluta hennar. Hugsanlegt tilefni til að færa einhverja félagsmenn til í launaflokki veitir þeim þannig ekki einu sinni beinan rétt til launaflokkatilfærslu.

Kostnaði af tilfærslum milli launaflokka í hverjum áfanga er settur ákveðinn rammi, sbr. 3. mgr. 5. gr. Samkvæmt henni skal í hverjum áfanga miðað við, að hækkun nemi einum launaflokki hið minnsta að meðaltali, en einstök starfsheiti og einstakir starfsmenn hækki þó ekki meira en nemi 3 launaflokkum, og er þar miðað við launaflokka skv. 10. gr. sammingsins eða jafngildi þeirra, verði launatöflu breytt. Í tilvísuninni til eins launaflokks hið minnsta að meðaltali og hins vegar ákvæði um hámarkstilfærslu milli launaflokka felst augljóslega, að gert er ráð fyrir því, að launaflokkatilfærslur einstakra verði mismiklar. Af 3. mgr. leiðir þannig, að við það var miðað, að margir myndu enga tilfærslu fá, en aðrir frá 1 og upp í 3 launaflokka í hverjum áfanga. Auk þess var og er í launatöflu kjarasammingsins, sem vitnað er til í 3. mgr. 5. gr., eingöngu að finna heila launaflokka. Engin skylda er lögð á stefnda í 5. gr. eða í öðrum ákvæðum sammingsins til að búa til hálfra launaflokka vegna framkvæmdar endurskoðaðs launakerfis eða greiðslna upp í væntanlega hækkun skv. 6. mgr. 5. gr. Í 5. gr. er þannig ótvírætt gert ráð fyrir því, að launaflokkatilfærslur fari fram í heilum launaflokkum hið minnsta.

Af hálfu stefnda er ekki fallist á, að í ákvæði 6. mgr. 5. gr. felist, að launaflokkatilfærsla skv. 6. mgr., sbr. 3. mgr., geti átt sér stað, án þess að staðreynt hafi verið, að réttmætt tilefni sé til að brúa launamun. Ákvæðið verður að túlka í réttu samhengi við 3. mgr.

2. gr., þar sem fjallað er um, að kjarasamanburðarnefnd eigi að meta tilefni til leiðréttingar á kjörum og skila áfangaskýrslu eigi síðar en 1. mars 1990. Áfangaskýrslan er undanfari lokaálits nefndarinnar, og taka á mið af niðurstöðum þeirrar áfangaskýrslu við 1. áfanga í endurröðun í launaflokka. Af orðalagi 3. mgr. 2. gr. má ljóst vera, að áfangaskýrslunni var ætlað að innihalda bráðabirgðaniðurstöður um tilefni til leiðréttingar á kjörum í einstökum störfum.

Í því tilviki, að lokaálit lægi ekki fyrir hinn 1. júlí 1990, ráðgerði 6. mgr. 5. gr., að þeim, sem þannig væri tilefni til að leiðrétta samkvæmt áfangaskýrslunni og áttu rétt á tilfærslu milli launaflokka í þeim áfanga, yrði greitt upp í væntanlega hækkun til bráðabirgða. Í því efni væri þá ekki við annað að styðjast en áfangaskýrsluna. Þeim yrði greitt upp í væntanlega hækkun þannig, að tilfærslur milli launaflokka skv. 3. mgr. yrðu að jafnaði 1/2 launaflokki meiri en lágmark skv. 3. mgr. hefði verið frá 1. júlí, þ.e. hækka úr 1 launaflokki í 1 1/2 launaflokk hið minnsta að meðaltali, en óbreytt var það hámark, að enginn skyldi hækka meira en næmi 3 launaflokkum. Við endanlega ákvörðun 1 áfanga skyldi þó enginn lækka í launaflokki. Það felur í sér, að þeir, sem kynnu að fá launaflokka-tilfærslu á grundvelli áfangaskýrslunnar, skyldu halda henni, jafnvel þótt lokaálitid gerði ekki ráð fyrir slíkri hækkun á röðun þeirra í þeim áfanga. Af því leiddi því þá niðurstöðu, að launaflokkahækkun til þeirra gæti komið til einu eða hugsanlega tveimur árum fyrr en efni stóðu raunverulega til. Í þeim tilvikum, að endurröðun á grundvelli áfangaskýrslu leiddi til algerlega óverðskuldaðrar launaflokkahækkunar, skyldi hún þrátt fyrir það ekki ganga til baka. Tilgangur reglunnar var sá að setja svipu á ríkisvaldið, svo að það tefði ekki framkvæmd á launaflokkatilfærslum sem áfangaskýrsla staðfesti, að væru efnislega réttmætar.

Ákvæði 6. mgr. 5. gr. er þannig ekki sjálfstætt viðurlagaákvæði um dulbúna, almenna launahækkun allra, er taka laun eftir kjarasamningnum. Slíkur skilningur kom heldur aldrei fram í samningsgerðinni. Ákvæðið er sérregla um 1. áfanga endurröðunar á starfsheitum í launaflokka. Hún felur í sér, að leiðrétting komi með meiri þunga í 1. áfanga en ella hefði orðið, liggi lokaálit ekki fyrir hinn 1. júlí 1990, enda sé töf á því að rekja til fulltrúa ríkisins.

Hvorki liggur fyrir staðreynt tilefni til leiðréttingar né er uppfylltur sá tilgangur, sem 6. mgr. 5. gr. byggist á og er forsenda fyrir,

að henni verði beitt. Alls ekki er þannig um það að ræða, að ríkisvaldið hafi reynt að tefja störf í kjarasamanburðarnefnd til að draga framkvæmd launaflokkatilfærslna, sem séu efnislega réttmætar skv. áfangaskýrslu.

Almenn greiðsluskylda með launaflokkatilfærslu í þá veru, sem stefnukrafan felur í sér, á sér þannig ekki neina stoð í ákvæðum 5. gr. kjarasamningsins. Samkvæmt því ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

C. Krafa um sýknu að svo stöddu byggist á því, að þau sjónarmið, sem reifuð eru hér á undan til stuðnings frávisunar- og sýknukröfu og lúta að því, að krafa stefnanda sé ekki enn orðin til, hljóti a.m.k. að leiða til sýknu að svo stöddu.

III.

Aðilar máls þessa gerðu með sér kjarasamning hinn 18. maí 1989.

1. kafli hans fjallar um endurskoðun á launakerfi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, og er hann í 9 greinum. 2. kafli fjallar í gr. 10 - 14 um launahækkanir frá 1. maí 1989 til 30. september 1990. Í 3. kafla er í 15. gr. samið um, að félagsmenn stefnanda fái einnig sömu hækkanir og aðrir launþegar kunna að fá eftir 30. nóvember 1989.

Kröfur stefnanda lúta að því, að stefnda hafi á grundvelli 6. mgr. 5. gr. kjarasamningsins borið að greiða félagsmönnum stefnanda sérstaka hækkun á laun þeirra hinn 1. júlí 1990 við þær aðstæður, að ekki var lokið þeirri endurskoðun á launakerfi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, sem 1. kafli samningsins mælir fyrir um.

Stefndi telur, að vísa beri málinu frá Félagsdómi, þar sem kröfu-gerð stefnanda eigi a.m.k. á þessu stigi undir nefnd samkvæmt 9. gr. samningsins. Hins vegar er af hálfu stefnda ekki dregið í efa dómsvald Félagsdóms um mismunandi túlkun aðila á 1. gr. kjarasamningsins.

Félagsdómur hefur skv. 3. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986 almennt úrskurðarvald um ágreining um skilning á kjarasamningum opinberra starfsmanna. Almenn lögsaga í þessum efnum er því í höndum Félagsdóms, enda hafi aðilar ekki ráðstafað sakarefni til annars úrlausnaraðila.

Í 9. gr. kjarasamnings málsaðila segir:

„Rísi ágreiningur milli aðila um framkvæmd kjarasamanburðar eða túlkun á niðurstöðum skv. 2. gr. eða fyrirkomulag breytinga

skv. 5. gr., getur hvor aðili um sig óskað eftir, að ágreiningnum verði vísað til úrskurðar þriggja manna nefndar.“

Ekki er hér vísað til 1. gr. samningsins, þar sem segir m.a.: „Standa skal að umræddum breytingum með þeim hætti, að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu.“ Túlkun þessa ákvæðis er eitt helsta ágreiningsatriði málsins. Tilvísun 9. gr. til 5 gr. samningsins tekur til fyrirkomulags launabreytinga, er byggist á niðurstöðum kjarasamanburðarins, en ekki til ákvæða 6. mgr. 5. gr. samningsins, sem kveða á um greiðslur og eftir atvikum viðurlög, hafi samanburðarnefnd skv. 3. mgr. 2. gr. ekki skilað lokaáliti hinn 1. júlí 1990. Úrskurðarvald nefndarinnar tekur því ekki til þess ágreinings um skilning á kjarasamningnum, sem hér er lagður fyrir Félagsdóm, og ber því að hafna frávísunarkröfu stefnda.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi á því byggð, að honum hafi verið heimilt og skylt að fresta framkvæmd nýs launakerfis og að honum sé því óskylt skv. 1. gr. samningsins að inna af hendi hina umkröfðu greiðslu til félagsmanna stefndu, þar sem slík launahækkun valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu.

Ekkert ákvæði kjarasamningsins tekur til þess, hvernig sú aðstaða skuli skilgreind, að framkvæmd tiltekinna ákvæði hans fari í bága við þetta markmið, sem aðilar tóku sameiginlega á sig að stefna að. Verður þetta ákvæði samningsins ekki skýrt öðruvísi en svo, að telji annar hvor samningsaðilanna slíka röskun vera yfirvofandi, verði hann að leita samkomulags við hinn aðilann um, hvernig við því skuli brugðist. Er því ekki fallist á með stefnda, að ákvæði 1. gr. samningsins hafi heimilað honum að ákveða einhliða frestun greiðslna samkvæmt 1. kafla samningsins, sem koma áttu til framkvæmda 1. júlí 1990, enda hefur ekki verið í ljós leitt með óyggjandi hætti, að afleiðingar samningsins verði aðrar en þær, er sjá mátti fyrir við gerð hans.

Sýknukrafa lýtur að öðru lagi að því, að kröfugerð stefnanda eigi ekki stöð í 5. gr. kjarasamnings aðila.

Þeim kjarasamanburði, sem 1. kafla samningsins fjallar um, var ekki lokið fyrir 1. júlí 1990. Hafði kjarasamanburðarnefnd ekki skilað lokaáliti þann dag, en fulltrúar stefnda í nefndinni lögðu hins vegar fram sitt lokaálit hinn 29. júní 1990.

6. mgr. 5. gr. kjarasamningsins er svohljóðandi:

„Hafi nefnd skv. 3. mgr. 2. gr. ekki skilað lokaáliti hinn 1. júlí

1990, skal greitt upp í væntanlega hækkun þannig, að tilfærslur milli launaflokka skv. 3. mgr. verði að jafnaði 1/2 launaflokki meiri en lágmark skv. 3. mgr. hefði verið frá 1. júlí 1990. Við endanlega ákvörðun áfangans skal þó enginn lækka í launaflokki.“

Ákvæði 3. mgr. 5. gr., sem hér er vísað til, hljóðar svo:

„Í hverjum áfanga skal þá miða við, að hækkun nemi einum launaflokki hið minnsta að meðaltali, en einstök starfsheiti og einstakir starfmenn hækki þó ekki meira en nemur 3 launaflokkum. Er hér miðað við launaflokka skv. 10. gr. eða jafngildi þeirra, verði launatöflu breytt.“

Af orðalagi 6. mgr. 5. gr. er ljóst, að ákvæðið mælir fyrir um greiðslur, ef framkvæmd kjarasamanburðarins dregst fram yfir 1. júlí 1990. Verða hin tilvitnuðu ákvæði ekki skýrð á annan veg en þann, að stefnda beri að greiða félagsmönnum stefnanda upp í hækkun, sem þeir kunni að eiga rétt á samkvæmt kjarasamanburðinum, þar sem honum var ekki lokið hinn 1. júlí 1990. Samkvæmt 6. mgr., sbr. 3. mgr. 5. gr., nemur þessi greiðsla einum og hálfum launaflokki samkvæmt 10. gr. samningsins.

Með hliðsjón af þessu verður sýknukrafa stefnda ekki tekin til greina, og lagarök standa ekki til þess að sýkna að svo stöddu.

Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 200.000, ásamt vöxtum eins og krafist er.

D ó m s o r ð:

Frávísunarkröfu stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, er hrundið.

Viðurkennt er, að stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs sé frá 1. júlí 1990 skylt að greiða félagsmönnum stefnanda, Félags íslenskra náttúrufræðinga, sem starfa hjá stefnda og taka laun samkvæmt kjarasamningi aðila frá 18. maí 1989, fjárhæð, sem nemur 1½ launaflokki til viðbótar launum viðkomandi félagsmanns samkvæmt 10. gr. kjarasamnings aðila.

Stefndi greiði stefnanda kr. 200.000 í málskostnað, er beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.